



REGLUR STYKKISHÓLMSBÆJAR UM STYRKVEITINGAR

1. KAFLI - MARKMIÐ

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og eftir atvikum bæjarráð, sbr. 3. gr., veitir innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum í samræmi við reglur þessar styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki bæjarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangs röðun bæjarstjórnar sem og ósamningsbundnum fjárhagslegum styrkjum til íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Markmiðið með styrkjum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, menningarlífs, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi og öfluglu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Með sérstökum lista- og menningarsjóði er lista- og menningarmálum í Stykkishólmi gert sérstaklega hátt undir höfði.

2. gr.

Markmið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum bæjarfélagsins og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

2. KAFLI – ÁBYRGÐ OG AUGLÝSINGAR

3. gr.

Bæjarráð leggur fram til tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð sem eru framlög til styrkja við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sbr. þó 6. gr.

Bæjarstjórn fer með úthlutun styrkja eftir tillögu frá bæjarráði og gerð stærri langtímasamninga, en bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla styrkja vegna atburða eða verkefna skv. 2. mgr. 1. gr., sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja á undanfara almennrar styrkjaúthlutunar skv. 4. gr., sem ekki varða verulega fjárhag bæjarstjóðs eða stofnana hans eða framlög sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu, sbr. 33. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar, og ekki liggi fyrir aðrar reglur bæjarstjórnar þar um, en við það skal miða að fjárhæðir styrkumsókna beinna fjárframlaga séu í þessu sambandi að hámarki kr. 50.000.

4. gr.

Almennar styrkveitingar skv. 3. gr. fara fram tvisvar á ári, á fundum bæjarstjórnar í mars/apríl og október/nóvember. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í jánúar/febrúar og ágúst/september ár hvert og skal umsóknarfrestur vera a.m.k. þrjár vikur.



Styrkveitingar úr Lista- og Menningarsjóð Stykkishólms skv. 4. kafla fer fram einu sinni á ári og skal auglýsa eftir styrkumsóknum til Lista- og Menningarsjóðs í fyrstu viku desembermánaðar ár hvert. Umsóknum í Lista- og menningarsjóð skal skilað fyrir nýársdag ár hvert. Styrkveitingar fara fram einu sinni á ári og skal stjórn tilkynna ráðstöfun tekna sjóðsins á þrettánda degi jóla ár hvert.

Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Stykkishólmi hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. KAFLI – LISTA- OG MENNINGARSJÓÐUR STYKKISHÓLMIS

5.gr.

Lista- og menningarsjóður Stykkishólms og var stofnaður 17. janúar 1982 í tilefni af 90 ára afmæli Stykkishólmskaupstaðar.

6.gr.

Stjórn sjóðsins er kosin á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum og skal hún skipuð forseta bæjarstjórnar sem jafnframt er formaður, auk tveggja annarra. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna hans hvert ár og hefur umsjón með eignum sjóðsins.

7.gr.

Tilgangur Lista og menningarsjóðs er styðja og styrkja lista og menningarstarf Stykkishólms með því að leggja sérstaka áherslu og gera hærra undir höfði, umfram almenna styrki skv. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr., á verkefni sem styðja við menningararf Stykkishólms sem hafa verðveislugildi til lengri tíma.

Um Lista- og menningarsjóð gilda eftirfarandi sérreglur:

Tekjur

- Á fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar skal gert ráð fyrir úthlutunarfé sem nemur 1.000.000 kr. vísitölutryggt frá júní 2020.
- Reikningahald og fjármunavarðveisla skal vera hjá bæjarsjóði.
- Styrkuppahæðir úr sjóðnum miðast við fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni.
- Ósóttir styrkir bætast við framlög næsta árs.

Hlutverk og skilyrði styrkúthlutana

- Að styðja og styrkja lista og menningarstarf í Stykkishólmi og hvetja til nýsköpunar á sviði lista- og menningar er tengjast Stykkishólmi.
- Styðja við útgáfustarfsemi er varðar sögu, menningu og atvinnuhætti bæjarins.
- Að styðja við varðveislu menningarminja.
- Taka við og meta umsóknir um fjárfrek verkefni sem ekki rúmast innan fjárhagsgetu sjóðsins og vera umsagnaraðili bæjarstjórnar. Slíkar úthlutanir væru háðar sér fjárframlögum í fjárhagsáætlun.



- e) Styrkúthlutanir Lista- og menningarsjóðs afmarkast við verkefni skili af sér afurð sem hefur varðveislugildi til lengri tíma, t.d. í formi listaverka, skýrslu, fræðibóka, vísindagreina, bókmennta eða annarrar útgáfu. Styrkumsóknir til viðburðahalds og almennir rekstrarstyrkir, t.d. tónleikahald eða styrkir til félagasamtaka, falla samkvæmt framangreindu ekki undir styrkhæfi Lista- og menningarsjóðs heldur undir almennar styrkumsóknir, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Takmarkast styrkúthlutanir sjóðsins við framangreind hlutverk og skilmála. Málsmeðferðarreglur 4. kafla eiga við um styrúthlutanir eftir atvikum.

Hafi viðkomandi verkefni hlotið styrk úr almennri styrkumsókn skv. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. úr síðustu almennri úthlutun fellur niður réttur til styrkúthlutunar úr sjóðnum.

4. KAFLI - MEÐFERÐ OG AFGREIÐSLA UMSÓKNA OG ERINDA

8. gr.

Við meðferð og mat á umsóknum og erindum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Ef um umsóknarfrest er að ræða skal meginreglan vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

Varðandi styrki til til einstaklinga, félöga og/eða samtöka sem starfa að íþróttá- og æskulýðsstarfi í Stykkishólmi eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi þá má veita styrki bæði vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Bæjarráð getur óskað eftir því að fastanendir Stykkishólmsbæjar geri tillögu að úthlutun samkvæmt reglum þessum að loknum umsóknarfresti til þeirra verkefna sem heyra undir þeirra starfssvið.

Skilyrði styrkveitinga er að atburður eða verkefni sé í Stykkishólmi, en varðandi íþróttá- og æskulýðsstarf er það skilyrði að umsækjendur skuli hafa lögheimili í Stykkishólmi. Þá skulu félög sem eru deildarskipt sækja um styrk fyrir sínar deildir. Ekki er úthlutað sérstaklega til deilda heldur skal viðkomandi félag ráðstafa þeim fjármunum sem það fær í styrk, sjálft til deildanna eftir reglum hvers félags fyrir sig.

Hafi umsækjandi áður hlotið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd þess og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn komi til greina, sbr. verkáætlun í umsókn og skilmálum styrks.

9. gr.

Bæjarstjóri auglýsir eftir umsóknum í samræmi við þessar reglur. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn auk annarra hagnýtra upplýsinga.

Bæjarstjórn getur haldið eftir hluta af samþykktri heildarupphæð almennra styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja á undanfara almennrar styrkjaúthlutunar.



10. gr.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Stykkishólmsbæjar. Umsóknir og fylgiskjöl sem og greinagerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af einstaklingi, forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.

Umsókn skal fylgja greinagerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að, yfirlit yfir fjölda virkra iðkenda ef við á og aldursskiptingu þeirra og áætlanir um í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félagsskapar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun.

Auk greinargerðar og almennra upplýsinga um umsækjanda er æskilegt að eftirfarandi upplýsingar komi fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi.
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjarmögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings.
- Rekstraráætlun verkefnis eða starfsemi.

Bæjarráð eða eftir atvikum bæjarstjórn getur kallað forsvarsmenn félaga eða verkefna á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Þá er heimilt að skilyrða styrki og gera samninga um afhendingu þeirra.

11. gr.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega, með bréfi eða tölvupósti, um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu ef hann er veittur. Bæjarstjóri þarf að samþykkja og skrifa upp á allar styrkveitingar áður en þær koma til greiðslu.

12. gr.

Styrkveiting gildir að jafnaði fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Stykkishólmsbæjar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis. Við gerð slíkra samninga skal ávallt tekið fram að fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög af fjárhagsáætlun.

13. gr.

Stykkishólmsbær áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Styrkþegar ber að skila greinagerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu eða strax að verkefni loknu um það hvernig styrkfé hefur verið varið. Berist greinagerð ekki getur það hamlað frekari styrkveitingum. Framlög Stykkishólmsbæjar sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skuli metin skv. reiknireglum Stykkishólmsbæjar og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi



starfsári, séu ekki fyrir önnur fyrirmæli sem mæla fyrir um annað. Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Stykkishólmsbæ skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

5. KAFLI – GILDISTAKA

15. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í bæjarstjórn.

Reglur þessar voru samþykktar á 396. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar þann 25. febrúar 2021.

Stykkishólmi, 26. febrúar 2021

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar